Til: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Efni: Re: Deiliskipulag í Búðardal - til umsagnar
Upplýsingar: Sent: 25-11-2019 14:34:41 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019100026, Bréfalyklar: 42-0
almennt

---

Tilvísun í mál: 2019100026

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, dags. 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um endurauglýsingu á deiliskipulagi fyrir stækkun íbúðarsvæðis við Borgarbraut Búðardal.

Deiliskipulagstillagan er innan þéttbýliskjarnans í Búðardal. Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu og mun tillagan hafa lítil áhrif á náttúrufar almennt að mati Náttúrufræðistofnunar. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar gerir stofnunin ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

Frá: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Dags: 10/15/2019 02:19:02 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Deiliskipulag í Búðardal - til umsagnar

-----------------------------------------------------------

**Náttúrufræðistofnun Íslands**
**Urriðarholtsstræti 6-8**
**210 Garðabæ**

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi í Búðardal í Dalabyggð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða endurauglýsingu en fyrri útgáfa deiliskipulagsins var auglýst og send til umsagnar í júlí 2018.

Deiliskipulagið er fyrir stækkun íbúðarsvæðis við Borgarbraut í Búðardal. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

Svæðið afmarkast af Miðbraut í norðri, lóðum austan við Borgarbraut að austan og sunnan og af nýjum lóðum að vestan. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum fyrir tvær raðhúsalengjur vestan megin við götuna.

Skipulagssvæðið er alls um 8.650 m2 (um 0,86 ha) að stærð.

Umsögnum ber að skila til skrifstofu skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11, 370 Búðardal, eða í netfang skipulag@dalir.is fyrir 28. nóvember 2019.

Gögn eru í viðhengjum.

Mbk,
**Þórður Már Sigfússon**
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi
Netfang / email: skipulag@dalir.is